

IPAD-FRÉTTIR


Upplýsingar um aðgang kennara að keyptum öppum

Book creator og önnur öpp

Ef kennari hefur áhuga á að keypt séu öpp fyrir sig eða nemendur sína er einfaldast að beiðni um slíkt fari til viðkomandi skólastjóra sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Allir kennarar eiga að vera með eftirtalin öpp í sínum spjaldtölvum: *Pages*, *Keynote*, *Numbers*, *iMovie* og *GarageBand*. Örfá tilvik hafa komið upp þar sem þessi öpp eru ekki ókeypis og þá þarf að snúa sér til skólastjóra sem sér um að öppin séu keypt kennara að kostnaðarlausu.

Book creator er afar vinsælt app og vilja margir kennarar nýta sér fulla virkni greiddu útgáfunnar. Mælt er með að ókeypis útgáfan sé prófuð fyrst á meðan kennarar eru að læra á það.



Explain everything

Kópavogsbær hefur fest kaup á greiddum aðgangi að kennsluappinu *Explain everything*. Um er að ræða app sem kennarar geta notað til að búa til einföld kennslumyndbönd. Hægt er að líkja appinu við tússtöflu með upptökutakka, en einnig má bæta inn ýmiskonar ítarefni, s.s. myndefni og tenglum.

Til að taka appið í notkun þarf kennari fyrst að sækja ókeypis útgáfuna af *Explain everything* í *App Store*.

Kennari þarf að stofna aðgang, hafi hann ekki gert það áður. Einnig þarf að slá inn tólf bókstafa kóða til að virkja greidda aðganginn.

Síðan getur kennari boðið nemendum sínum aðgang með sama hætti, þ.e. að nemendur sækja ókeypis útgáfu appsins en slá hins vegar inn annan, tólf bókstafa kóða.

Leiðbeiningar um ofangreint má finna á:

spjaldtolvur.kopavogur.is/leidbeiningar



Nearpod

Nearpod hefur verið lýst sem gagnvirkur glærufyrirbúningur. Kennari getur notað kynningar sem búnar hafa verið til í *PowerPoint* og bætt í þær spurningum og verkefnum, en einnig er hægt að búa til nýjar kynningar frá grunni.

Ókeypis útgáfa af appinu er í *Catalog* í spjaldtölvum kennara og er tilvalið að prófa hana til að kynna appinu og möguleikum þess.

Ef kennari óskar eftir að fá greiddan aðgang að *Nearpod*, sem eykur notkunarmöguleika appsins, þarf að snúa sér til leiðtogateymis viðkomandi skóla, en yfirleitt er það tölvuumsjónarmaður eða upplýsingatækni kennari sem sér um að úthluta aðgangi að *Nearpod*.



Showbie

Kennslufyrirbúningur *Showbie* er stundum kallað rafræn kennslustofa. Appið rúmar allrahandu samskipti milli kennara og nemenda og heldur utan um verkefnaskil og námsmat.

Kennari sendir námsefni og verkefni í spjaldtölvur nemenda, sem vinna verkefni í sínum spjaldtölvum og senda aftur til kennara. Verk nemenda geta verið skrifleg, munnleg, myndræn eða leikræn og kennari getur sent skriflega eða munnlega endurgjöf til nemenda.

Til að fá greiddan aðgang að *Showbie* getur kennari sent tölvupóst á spjaldtolvur@kopavogur.is

